

# ABS 320 BaseFlow Rapid

## Efnislýsing

ABS 320 flotmúr er ódýr, dælanlegur hraðþomandi flotmúr sem er auðveldur í meðförum. Hentar sérstaklega vel þar sem þörf er á miklum afréttingum á gólfum í einni aðgerð, þar sem þykktir eru miklar og einnig þar sem þörf er á að móta vatnshalla t.d. undir flísar á baðherbergjum. Efnið er þurrefni í 20kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað. Endanlegt gólfefni má leggja eftir 2-8 daga. ( Fer þó eftir þykkt, loftraka, hitastigi og öðrum aðstæðum.) ABS 320 er vottað af óháðum aðila sem er SP Sveriges Forsknings och Provningsinstitut, P og CE merkt og uppfyllir kröfur HusAMA um flotefni.

## Notkunarsvið

ABS 320 flotmúr er sérstaklega ætlaður til afréttinga á gólfum í miklum þykktum, yfir hitalagnir, til að steypa í rásir, lagnagöt og undir önnur flotefni, s.s. Weber 4150 og Weber 4160.

## Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi, og þarf að þola togkraft allt að 1,0 MPa.

Ef flota á yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírs-slípivél og lakkið mattað. Grunnið með Weber Floor 4716 1:1, stráði þurru efni í blautan grunninn og kústið saman. Látið þorna og þá er undirlagið tilbúið undir flotun.

## Grunnur

Grunna skal með Weber Floor 4716 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá leiðbeiningar um notkun við mismunandi aðstæður.

## Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 14% eða 2,8 lítrar í 20 kg. poka.

Blandið saman með hægengri borvél þar til viðunandi seigju er náð.

Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 35x68mm. Skal þá flotið í efninu vera 180-190mm.

Athugið alltaf við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært.

## Ásetning

Flotinu er dælt með þar til gerðri múr/flotdælu. Efnið er lagt fram og til baka eftir gólfinu í þeirri þykkt sem óskað er.

Æskileg breidd á svæði er 5-8m. Á breiðari svæðum þarf að skilja að með svamplista. Draga þarf tenntan spaða eftir yfirborðinu til að losa um loft og koma í veg fyrir loftbólur.



## Athugið

Ef flota á yfir ABS 320 þarf að líða 24-48 klst á milli umferða.

## Eiginleikar ABS 320 Base Flow Rapid

|                          |                           |
|--------------------------|---------------------------|
| Þykkt max:               | 100. mm                   |
| Þykkt min:               | 20. mm                    |
| Þrýstipól(EN 13813):     | 25. MPa                   |
| Beygjutogpól(EN 13813):  | 5. MPa                    |
| Togpól (28 dagar):       | 1. MPa                    |
| Flot (SS 923519):        | 180-190 mm                |
| Brunaflokkun(EN13501-1): | A2fl s1                   |
| pH ( í fullþurru gólfi): | 11,0                      |
| Bindiefni:               | Portlandsement            |
| Fylling:                 | Natursandur               |
| Vatnspörf:               | 14% (3,5L/25kg)           |
| Efnisnotkun:             |                           |
| 5 mm þykkt:              | 9 kg/m <sup>2</sup>       |
| 10mm þykkt:              | 18 kg/m <sup>2</sup>      |
| Gönguhæft eftir:         | 2-3klst                   |
| Fullþurt:                | 2-8 daga                  |
| Geymslupól:              | 6-12 mán. í þurri geymslu |

## Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

# MÚRBÚÐIN